

Reglur um Samræmda vefmælingu® á Íslandi

I. Kafli. Markmið og leiðir.

1. gr.

Markmið Samræmdrar vefmælingar® er að birta hlutlægar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um notkun tilgreindra vefja til leiðbeiningar fyrir auglýsendur, stjórnendur og starfsmenn vefjanna, og markaðinn almennt.

2. gr.

Á lista Samræmdrar vefmælingar skulu birtar upplýsingar um:

- a. Fjölda vikulegra notenda í einkvæmri mælingu innan vikunnar.
- b. Fjölda notkunartilvika (fjölda innlita) á viku.
- c. Fjölda sótttra vefskjala (fjölda síðuflettinga) á viku.
- d. Hlutfall innlendarar notkunnar.

3. gr.

Vefmælingin sjálf er framkvæmd af óháðum þriðja aðila, sem annast tæknilega útfærslu, þróun og rekstur kerfisins á bak við þjónustuna.

Framkvæmd Samræmdrar vefmælingar í heild skal vera í höndum óháðs þriðja aðila.

Modernus hefur sinnt þessum hlutverkum frá upphafi. Modernus er deild í Interneti á Íslandi hf.

II. Kafli. Birting.

4. gr.

Vikulega skal birta í heild sinni lista yfir alla þáttökuvæfi og fer sú birting fram á Internetinu. Vefirnir raðast á listann eftir fjölda notenda.

Lista yfir 25 efstu vefina skal að jafnaði birta vikulega í prentmiðli. Deilist kostnaður þeirrar birtingar á þá 25 vefi sem mynda listann hverju sinni.

Framkvæmdaraðili Samræmdrar vefmælingar® (nú Modernus) annast birtingu listans.

5. gr.

Heildartölur vefjanna skulu birtar undir léni (URL/veffangi) vefjarins og undir nafni útgefanda.

Tölur einstakra vefhluta skulu birtar undir nafni vefhlutans.

6. gr.

Listi Samræmdrar vefmælingar® er opinber.

Heimilt er að vitna í listann, svo sem í auglýsingaskyni, sé heimildarinnar getið.

Þátttakendum í Samræmdri vefmælingu® er frjálst að birta tölur síns vefjar opinberlega, hvort sem er af lista Samræmdrar vefmælingar® eða beint úr vefmæligrunninum sjálfum, sé heimildarinnar getið.

III. Kafli. Skilyrði fyrir þátttöku í Samræmdri vefmælingu® á Íslandi.

7. gr.

Vefir í eigu íslenskra lögaðila og einstaklinga með lögheimili á Íslandi, sem uppfylla skilyrði laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti, eru gjaldgengir í Samræmda vefmælingu®.

Vefir í Samræmdri vefmælingu gangast undir reglur þessar og gera samning um vefmælinguna við rekstraraðila hennar.

8. gr.

Upplýsingar um eiganda og ábyrgðarmann vefjarins skulu birtar á áberandi og aðgengilegum stað á vefnum, t.d. í fæti neðst á forsíðu, enda er slíkt skylda samkvæmt lögum nr. 30/2002 um rafræn viðskipti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Miða skal við að eftirfarandi upplýsingar komi fram (sjá lögin):

- a. Nafn.
- b. Heimisfang staðfestu. Staðfesta er sá staður þar sem þjónustan er starfrækt í raun gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er vistuð eða netþjónn staðsettur.
- c. Kennitala.
- d. Netfang (e-mail) og símanúmer, sem gerir mögulegt að hafa samband við forsvarsmenn vefjarins með greiðum hætti.
- e. Virðisaukaskattsnúmer þjónustuveitanda, sé það fyrir hendi.
- f. Opinber skráning hans, s.s. hjá hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá og hvar hún er vistuð. Athugið að ekki er nægilegt að tilgreina skammstöfun á félagsformi.
- g. Leyfi eftirlitsaðila ef starfsemi er háð leyfum. Sjá nánar í lögnum ef um lögverndaða starfsemi.

Leitast skal við að vefir uppfylli skilyrði laga nr. 30/2002 í hvítvetna.

Vefir sem selja vöru og þjónustu uppfylli sérstaklega skilyrði laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

9. gr.

Vefir sem birta eða selja aðgang að ólöglegu, meiðandi eða niðrandi efni, grófu klámi, eða öðru efni sem kann að særa blygðunarkennd almennings eiga ekki erindi í Samræmda vefmælingu@.

10. gr.

Komi upp ágreiningur um hæfi vefjar til þátttöku í Samræmdri vefmælingu@ skal bera ágreiningsefnið undir Samráðshóp Samræmdrar vefmælingar (sjá VI. kafla).

IV. Kafli. Framkvæmd vefmælingarinnar.

11. gr.

Mælingin fer þannig fram að útgefandi vefmiðils setur þar til gerðan mælikóða inn á allar síður vefjarins sem mæla skal og heimilt er að mæla skv. reglum V. kafla.

Um mælinguna gildir:

- a. Einungis skal telja hverja síðu einu sinni fyrir hvert sinn sem hún er sótt af vafra.
- b. Einungis síður sem notandi hefur sjálfur flett upp með einhverjum hætti, s.s. með því að slá inn vefslóð, smella á tengil á vefsíðu, í tölvupósti, eða annars staðar, eða með öðrum þeim hætti sem almennt tíðkast á Veraldarvefnum hverju sinni, skulu taldar.
- c. Síður sem senda notanda áfram á aðrar óskyldar síður eða vefhluta (“forward” – “meta-refresh” sjálfvirkt “redirect”) eru ekki taldar og mega því ekki innihalda mælikóðann, heldur einungis síðan sem vísar notandanum beint til sín.
- d. Síður sem uppfærast sjálfkrafa, s.s. til að viðhalda lifandi efni, skulu einungis taldar í fyrsta skipti sem þeim er slegið upp í hverju innliti.

Rekstraraðili vefmælingar getur sett nánari skilyrði varðandi innsetningu og notkun

mælikóða.

V. kafli. Vefir, vefhlutar og vefhlutamæling.

12. gr.

Til að vefsíður eða vefhlutar teljist tilheyra einum og sama vefnum og birtast undir hans merkjum á lista Samræmdrar vefmælingar® þarf að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:

- a. Að allar síður með mælikóða séu undir sama aðalléninu (e. second level domain). Séu síður einnig aðgengilegar undir öðrum lénum skal notandinn færður á aðallén vefjarins (skal aðallénið birtast í heimilisfangareit vafrans).
- b. Að vefurinn sé rekinn á einni hendi, af einu fyrirtæki, eða einstaklingi (sbr. þó 16. gr. varðandi samstarf og sameiningu vefja).
- c. Að vefurinn lúti ritstjórn eins aðila sem ber ábyrgð á innihaldi hans.
- d. Að vefsíður sem tilheyra sama vefnum hafi ótvíræð, sameiginleg einkenni, sem gefa notendum skýrt og ótvírætt til kynna hvaða vef þær tilheyri (sjá nánar í 13. gr.).

13. gr.

Allar vefsíður tiltekins vefjar þurfa að hafa ákveðin sameiginleg og ótvíræð auðkenni. Miða skal við að notendur vefjar hafi ótvírætt á tilfinningunni að allar vefsíður sem um ræðir tilheyri sama vefnum (hér er átt við sameiginlegt “look-and-feel”).

Orðið „forsíða“ skal notað um forsíðu aðalvefjar. Vísi tengill með orðinu „forsíða“ notanda inn á annað en forsíðu aðalvefjar, svo sem forsíðu vefhluta, er slíkt óyggjandi vísbending um að það vefsvæði sé sjálfstæður vefur, en ekki hluti þess aðalvefjar sem um ræðir og mældur er undir sama mælikóða.

Eftirfarandi skilyrði eru ófrávíkjanleg:

- a. Heildarhönnun síðunnar; leiðarkerfi, uppröðun efnis, litasamsetning, letur o.s.frv., skal vera með þeim hætti að almennir notendur sjái strax samkenni hennar með öðrum síðum á viðkomandi vef.
- b. Merki viðkomandi vefjar skal birt efst á hverri síðu vefjarins og á það skal vera hægt að smella til að komast á forsíðu hans. Merkið skal vera a.m.k. 60x25 dílar að stærð.

Ef með réttu má draga í efa að almennur notandi geri sér fyllilega ljóst að ákveðin vefsíða eða vefhluti tilheyri ákveðnum aðalvef er óheimilt að mæla þá vefsíðu eða þann vefhluta undir merkjum viðkomandi aðalvefjar.

14. gr.

Þyki framkvæmdaraðila Samræmdrar vefmælingar® skilyrðum 13. gr. ófullnægt í ákveðnu tilfelli getur hann, að undangenginni viðvörðun og hæfilegum fresti til úrbóta, útilokað mælingu þeirra vefskjala, sem ekki uppfylla skilyrðin, frá birtingu heildartalna viðkomandi aðalvefjar.

Ákvörðun framkvæmdaraðila má bera undir Samráðshóp Samræmdrar vefmælingar.

15. gr.

Rammaskiptar síður, þ.e. síður sem skipt er upp í fleiri en einn ramma, þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Mælikóðinn má einungis vera í einum þeirra ramma sem vafrinn sækir til að birta ákveðna skjáfylli.
- b. Til þess að viðkomandi síða megi teljast með í tölum sem birtar eru á lista Samræmdrar vefmælingar® þarf ramminn sem kóðinn er í að þekja að minnsta kosti 40% af skjáplássinu miðað við vafra með skjáupplausnina 1024x768.

c. Að jafnaði skal miðað við að mælikóðinn sé einungis í þeim ramma sem ber megininnihald síðunnar frá sjónarhóli almenns notanda.

d. Ekki mega vera mælikóðar frá tveimur mismunandi vefjum í sömu skjáfyllinni.

16. gr.

Tveir vefir geta ákveðið að hefja samstarf sín á milli sem hefur í för með sér að annar vefurinn verður innlimaður í hinn eða að báðir gömlu vefirnir renna saman í nýjan vef. Í þess háttar tilfellum má víkja frá skilyrði 12. gr. um sameiginlegan rekstur og eignarhald, enda sé öðrum lágmarksskilyrðum fullnægt, þ.m.t. skilyrðum um sama aðallén og sameiginlega ritstjórn.

Sömuleiðis geta tveir mismunandi vefir í eigu sama aðila sameinast með svipuðum hætti. Við slíkan samruna vefja þarf þó að uppfylla eftirtalin viðbótarskilyrði:

a. Tilkynna þarf framkvæmdaraðila Samræmdrar vefmælingar® um fyrirhugaða sameiningu a.m.k. viku fyrir flutning vefsvæðis og breytingar á mælikóða.

b. Hafi báðir vefir fram að breytingu birst áður á lista Samræmdrar vefmælingar® verður hinn sameinaði vefur að birta vefhlutamælingu svo að auðveldlega sé hægt að sjá hlutdeild hvors hinna upphafslegu vefja í heildartölum hins nýja vefjar. Vefhlutamælingin skal vara í a.m.k. 6 mánuði eftir sameiningu vefjanna.

VI. Kafli. Samráðshópur um Samræmdra vefmælingu.

17. gr.

Í kringum framkvæmd Samræmdrar vefmælingar® starfar svonefndur Samráðshópur um Samræmdra vefmælingu. Hann kemur að gerð reglna þessara, þróun þeirra og túlkun. Hópurinn skal myndaður af fulltrúum fimm til tíu mest sóttu vefjanna að jafnaði auk fulltrúa frá framkvæmdaraðila Samræmdrar vefmælingar®.

Að jafnaði skal halda tvo fundi hjá Samráðshópnum á ári. Þó má kalla hópinn saman til sérstakra aukafunda ef tilefni er til.

18. gr.

Samráðshópurinn hefur æðsta úrskurðarvald í þeim ágreiningsefnum sem kunna að rísa varðandi framkvæmd Samræmdrar vefmælingar® og túlkun reglna þessara.

Hópurinn úrskurðar á fundum með einfaldri atkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meirihluti atkvæða ræður. Þeir fulltrúar sem mæta fyrir hönd hvers vefjar á fund hjá hópnum fara saman með rétt til eins atkvæðis í hverju máli.

VII. kafli. Ábendingar, úrskurðir og ráðstafanir.

19. gr.

Erindum er varða framkvæmd Samræmdrar vefmælingar® skal beint til framkvæmdaraðila hennar, sem ber ábyrgð á afgreiðslu þeirra og eftirfylgni.

Erindum er varða framkvæmd mælingar, s.s. uppsetningu mælikóða, skal beint til rekstraraðila vefmælingarinnar. Hann annast eftirlit með því að vefirnir sem birtast á lista Samræmdrar vefmælingar uppfylli tæknileg skilyrði þessara reglna.

Reglulega skal kannað hvort framkvæmd mælinga 25 efstu vefjanna á lista Samræmdrar vefmælingar® sé í samræmi við reglur þessar.

20. gr.

Hver sem er getur sett fram ábendingar um brot á reglum þessum. Skulu slíkar ábendingar bornar undir framkvæmdaraðila Samræmdrar vefmælingar®, sem metur réttmæti

þeirra og bregst við þeim á þann hátt sem hæfir í hverju tilviki.

Telji framkvæmdaraðili Samræmdrar vefmælingar® vera um brot á reglum þessum að ræða í ákveðnu tilviki skal hann skora á forsvarsmenn viðkomandi vefjar að gera úrbætur og gefa til þess hæfilegan frest. Séu úrbætur ekki gerðar innan frestsins má gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglubrot hverju sinni.

21. gr.

Rísi ágreiningur um reglur þessar og túlkun þeirra skulu aðilar máls koma röksemdum sínum eins fljótt og auðið er til framkvæmdaraðila Samræmdrar vefmælingar®, sem kallar saman fyrrnefndan Samráðshóp ef þörf krefur.

22. gr.

Ef sannað þykir að samningsaðili fylgi ekki reglum þessum er heimilt aftengja vefinn sem í hlut á birtingargrunni Samræmdrar vefmælingar®, að hluta til eða í heild. Tölur viðkomandi vefjar skulu birtar aftur þegar talið er að ofangreindar reglur séu uppfylltar.

VIII. kafli. Gildistaka o.fl.

23. gr.

Allir vefir sem taka vilja þátt í samstarfinu um Samræmda vefmælingu® samþykkja ofangreindar reglur með þátttöku sinni.

24. gr.

Reglur þessar eru samdar af fulltrúum Modernus og reistar á eldri reglum og hefðum sem mótast hafa við framkvæmd Samræmdrar vefmælingar® frá upphafi samstarfsins 2001.

Reglurnar skal bera undir Samráðshóp Samræmdrar vefmælingar til samþykkis með atkvæðagreiðslu. Þær öðlast gildi við samþykki Samráðshópsins.

Reykjavík, 25. október 2010.